TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Tónheyrn F2 - númer

Haustönn 2026
Kennari: Ívar Aðalsteinsson
Forkröfur: F1 THE
Hæfniþrep
Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Haldið er áfram með tóheyrnarþjálfun frá F1 og viðfangsefnið einkum margbrotnari lög og hrynur. Laglínur geta verið í pentatónískar, í dúr eða hljómh. moll og með taktskiptum, í 6/8 eða óreglulegum takti, og með allt að fjórdeildum slögum, þríólum og synkópum. Í hrynlestri er lögð áhersla á samsetta takta þar sem nóta eða þögn getur verið allt að sjötti hluti slags. Bindibogar geta komið frá öllum þessum slaghlutum. Dúrsjöundar- og mollsjöundarhljómar eru greindir eftir heyrn og sungnir í öllum stöðum. Stutt atónal tónferli eru sungin og skráð eftir heyrn. Dúrar með allt að 7 formerkjum og allar gerðir molltónstiga með allt að 5 formerkjum eru sungnir á nótnanöfnum. Laglínu- og hryndæmi í ætt við það sem hefur verið sungið og hrynlesið eru uppritуð eftir heyrn.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig fjölbreytileg lagferli í dúr, hr. og hljómh. moll eða pentatónísk hljóma. Laghrynurinn getur verið taktskiptur, óreglulegur eða í 6/8 og slög allt að þrí- eða fjórdeild og synkóperuð. Í hrynlestri þekki nemandi vel til samsettra takta með nótum/þögnum allt að sjötta parti slags og bindibogum frá hverjum þeirra. Hann þekki hljóm forsjöundarhljóms og dúrsjöundarhljóms og hljómhvarfa þeirra og hvernig má syngja þá sem tónbilaröð. Hann sé kunnugur tónferli án tónmiðju og og því hljóðferli sem eyrað þá greinir hvernig syngja ber dúr og molltónstiga á nótnanöfnum.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að syngja fjölbreytileg lög í dúr, hr. og hljómh. moll eða pentatónísk. Rytmi þeirra getur verið taktskiptur, óreglulegur eða í 6/8 og slög allt að þrí- eða fjórdeild og synkóperuð. Í beinum hrynlestri hafi nemandi öðlast lipurð í leik samsettra takta með nótum/þögnum allt að sjötta parti slags og bindibogum frá hverjum þeirra. Hann hafi öðlast færni í að syngja forsjöundarhljóm og dúrsjöundarhljóm og hljómhörf þeirra og greina eftir heyrn. Ennfremur í greiningu atónal tónferlis eftir heyrn og skráningu þess og söng velflestra dúr og molltónstiga á nótnanöfnum. Hann hafi öðlast leikni í að lag- og hrynupprita eftir heyrn tóndæmi sambærileg að innihaldi við það efni sem sungið er eða hrynlesið.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við töluverða hæfni í nótnalestri og vald á því og greina og leika mjög fjölbreytileg hrynmynstur.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, söng- og hrynlestrarblöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Símat í tímum og lokapróf		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (7. – 11. sept 2026)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Rifjað upp námsefni úr áður lærðri tónheyrn.	
2. vika (14. – 18. sept 2026)	Forsjöundarhljómar og dúrsjöundahljómar sungnir og greindir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Söngur og hrynlestur.	
3. vika (21. – 25. sept 2026)	Forsjöundarhljómar og dúrsjöundahljómar sungnir og greindir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Söngur og hrynlestur iðkaður og lag- og hrynupprit eftir heyrn.	
4. vika (28. sept – 2. okt. 2026)	Söngur og hrynlestur iðkaður og lag- og hrynupprit eftir heyrn.	
5. vika (5. – 9. okt 2026)	Dúr og molltónstigar sungnir á nótnanöfnum. Lög með þríólum sungin og lög í 6/8. Hrynlestur. Lag- og hrynupprit eftir heyrn.	
6. vika (12. – 16. okt 2026)	Lög með taktskiptum sungin ýmist í dúr eða hreinum moll. Hrynur í lesinn í samsettum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynupprit.	
7. vika (19. – 23. okt. 2026)	Forsjöundarhljómar og dúrsjöundahljómar sungnir og greindir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Söngur og hrynlestur í samsettum takti með þögnum sem eru allt að sjötti hluti slags á hvaða slaghluta sem er. Lag- og hrynupprit.	
8. vika (26. – 30 okt. 2026)	Atónal tónaröð sungin og greind eftir heyrn. Söngur og hrynlestur í framhaldi af því sem áður var gert.	
9. vika (2. – 6. nóv. 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
10. vika (9. – 13. nóv. 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
11. vika (16. – 20. nóv 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
12. vika (23. – 27. nóv 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
13. vika (30. nóv. – 4. des 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (7. – 11. des 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
15. vika (14. – 18. des 2026)	Próf sem nær til allra efnisatriða sem farið hefur verið í.	Próf